



Sveitarstjórnarfundur 3-2023
Skagabúð 04.mái 2023 kl 08:30

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Elín Anna Rafnsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og ritaði fundargerð.

Dagskrá og afgreiðsla fundarins

1. Ársreikningur 2022 - seinni umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins fyrir 2022, ásamt endurskoðunarskýrslu Enor fyrir árið 2022, ársreikningurinn var tekinn til fyrri umræðu 13. apríl 2023.

Rekstrarhalli var á samstæðu A og B hluta á árinu 2022 upp á kr. 6,8 millj. samanborið við 9,7 millj. halla skv. áætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 2,8 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skatttekjur sveitarfélagsins voru kr. 9 millj. hærri en áætlun. Stærstu útgjaldaliðir sveitarfélagsins, félagsþjónusta og fræðslu- og uppeldismál voru á pari við áætlun. Stærsta neikvæða frávikið var á sameiginlegum kostnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta lækka um kr. 5,5 millj. milli ára og nema samtals kr. 64,1 millj. í árslok 2022. Engar eignfærslur voru á árinu 2022.

Handbært fé lækkaði um kr. 9,4 millj. milli ára og nam um kr. 37,1 millj. samanborið við kr. 46,4 millj. í árslok 2021. Engin lántaka var á árinu. Hjá samstæðunni nema langtímalán og næsta árs afborganir samtals kr. 6,7 millj. og tilheyra þær skuldir allar Fjarskiptafélagi Skagabyggðar ehf.

Eiginfjárhlutfall A og B hluta var 84,3% í árslok 2022 samanborið við 80,5% árið áður.

Nokkrar umræður urðu um ársreikninginn.

Að lokum var ársreikningurinn borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

2. Stofnun sjálfseignarstofnunar vegna uppbyggingar fyrir fatlað fólk

Fyrir fundinum lágu drög að samþykktum fyrir (ónefnt) .hses sem er ný húsnæðissjálfseignastofnun með það að markmiði að byggja húsnæði fyrir sjálfstæða búsetu sem taki við hlutverki núverandi herbergjaheimila að Skúlabraut á Blönduósi og Fellstúni á Sauðárkrók. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita að ganga frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fyrir hönd Skagabyggðar.

Hlé var gert á fundi klukkan 9:00 og inn á fundinn komu Katrín Guðjónsdóttir og Magnús Barðdal frá SSNV, rætt var um framtíðarsýn svæðisins. Kl. 10:00 véku þau af fundi og sveitarstjórnarfundur var framhaldið.

3. Starfshlutfall oddvita

Fyrir fundinum lá erindi sem sent var til Jöfnunarsjóðs vegna fyrirhugaðrar sameiningarvinnu. Þar er gert ráð fyrir auknu starfshlutfalli oddvita við vinnu.

Samþykkt var að hækka starfshlutfall oddvita tímabundið til samræmis við erindi.

4. Lýsing heimreiða



Fyrir fundinum lágu tilboð í ljósastaura, jarðkapal og vinnu við verkið, alls bærust 8 tilboð í verkhlutann, þar af eitt frávikstilboð.

Samþykkt var samhljóða að fela oddvita að ganga til viðræðna við Átak ehf.

Fyrir fundinum lágu drög að 3 hliða samningi á milli íbúa, Farskiptafélags Skagabyggðar og Skagabyggðar. Oddvita falið að klára samning og vinna málið áfram.

5. Úrgangsmál

Fyrir fundinum lá viljayfirlýsing frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þess efnis að taka þátt í verkefninu “borgað þegar hent er” oddviti lagði til að Skagabyggð tæki þátt í þessari vinnu sem myndi fela m.a. í sér ráðgjafavinnu við að útfæra gjaldtöku til framtíðar. Samþykkt var að taka þátt í verkefninu.

Fyrir fundinum lágu einnig drög að samþykktum Skagabyggðar um úrgangsmál. Sveitarstjórn fór yfir samþykktirnar og gerði breytingar á nokkrum liðum, að því loknu var samþykkt að senda samþykktirnar til heilbrigðisnefndar.

6 Kálfshamarsvík

Frestað til næsta fundar

7. Slit byggðasamlaga í A-Húnavatnssýslu

Fyrir fundinum lá erindi frá Péttri Arasyni sveitarstjóra Húnavatnssýslu þar sem hann óskar eftir endurgjöf á tillögum sem hann leggur fram varðandi slit á byggðasamlögum um atvinnu- og menningarmál, félags- og skólabjónustu og tónlistaskóla. Í þeim tillögum er lagt til að eignir renni til þeirra sveitarfélaga sem þær eru í. Erindið var tekið til umræðu og í kjölfarið fært til bókunar.

“Það er mat sveitarstjórnar að í tillögum sé ekki tekið tillit til þeirra skuldbindinga né eigna sem Skagabyggð hefur tekið á við önnur sveitarfélög innan byggðasamlaganna. Sveitarstjórn getur því ekki samþykkt framlagða tillögu.”

8. Sjóðir

Fyrir fundinum lá samantekt frá Arta lögmönnum um slit á Amtmannssjóði og Kristmundargjafasjóði, er það þeirra mat að ekkert sé því til fyrirstöðu að slíta þessum sjóðum.

Samþykkt er að slíta Amtmannssjóði og andvirði sjóðsins renni til fjallskiladeildar Vindhælinga. Samþykkt að ganga til viðræðna við Svf. Skagaströnd um slit á Kristmundarsjóði.

9. Bréf

a) Erindi Karólína Elísabetardóttir

Sveitarfélögum er í dag skylt samkvæmt lögum að innheimta fyrir allan útlagðan kostnað vegna sorphirðu með ákveðnum aðlögunartíma en á grundvelli þeirrar sérstöðu sem þetta mál hefur samþykkir sveitarstjórn að fella niður sorphirðugjöld í ár en sorpeyðingargjald heldur sér.

b) Forsætisráðuneytinu “sjálfbært Ísland”

Í bréfinu kemur fram að forsætisráðherra bjóði upp á samráðsfundi um landið um sjálfbæra þróun, oddviti mun sækja fund fyrir hönd Skagabyggðar.

c) Sigurði Guðjónssyni, formanni æðarræktarfélags Skagafjarðar

Samþykkt er að veita styrk að upphæð 30.000kr til skotfærakaupa til eyðingar flugvargs við æðarvörp í Skagabyggð.

d) Innviðaráðuneyti “tillögur um breytingar á 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga”

Í bréfinu er bent á að frumvarp til breytinga á 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn ætlar ekki að senda inn umsögn.



10. Fundargerðir

a) Fundargerð ársfundar Norðurár bs.

Í fundargerðinni kom m.a. fram að á árinu voru rekstrartekjur félagsins 209 milljónir og hækkuðu um 17,3 millj. kr. milli ára eða um 9%. Hagnaður félagsins nam 51,5 millj. kr. en var 36,2 millj. kr. árið 2021. Eigið fé félagsins í árslok nam 634,1 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 582,6 millj. kr. á árinu 2021.

Að öðru leiti var fundargerðin til kynningar

b) Fundargerðir 922-924. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðirnar voru til kynningar

c) Fundargerð Fjallskilanevndar Skagabyggðar 26.04.23

Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur undir bókun fjallskilanevndar sem er á þessa leið. "Fjallskilanevnd Skagabyggðar skorar á alþingi að innleiða viðauka 7 inní reglugerð 651 frá 2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar. Staðfest er að ARR arfgerð er að finna í íslensku fé og það er mat okkar að nær sé að horfa til þess að kynbæta sauðfjárstofninn með þeirri arfgerð líkt og aðrar þjóðir hafa nú þegar gert með góðum árangri í stað þess að skera niður heilu hjarðirnar." Sveitarstjórn felur oddvita að koma bókuninni á framfæri við matvælaráðherra. Að öðru leiti var fundargerðin til kynningar.

11. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:55

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Elín Anna Rafnsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson